

Lýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031, skógræktarsvæði Ólafsvík



Lýsing og matslýsing vegna breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031

Eftirfarandi lýsing er gerð í samræmi við 30. grein skipulagslaga vegna breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031. Fyrirhuguð breyting varðar skógræktarsvæði í Ólafsvík. Annars vegar er áætlað að stækka skógræktarsvæði austast í bænum þannig að SL-1 verði samfelld svæði. Hins vegar er fyrirhuguð nýtt skógræktarsvæði SL-2 í Enni. Í báðum tilvikum breytist landnotkun úr opnu svæði í skógræktarsvæði.

Lýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar, Ólafsvík, verður sérstaklega kynnt fyrir nágrönnum svæðis SL-2.

Aðdragandi og tilgangur: Skógræktarfélag Ólafsvíkur hefur mikinn áhuga á áframhaldandi skógrækt í nærumhverfi bæjarins. Plöntun í núverandi skógræktarsvæði er langt komin og er því vilji til að auka við skógræktarsvæði. Bæjaryfirvöld vilja stuðla að áframhaldandi skógrækt á völdum svæðum. Svæði SL-1 var 31.6 ha og verður eftir breytingu 34.4 ha og svæði SL-2 verður um 5.3 ha.

Forsendur: Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 er mótuð almenn stefna um skógrækt og landgræðslu. Þar stendur: „*Snæfellsbær einkennist af stórbrotnu landslagi og mikilli náttúrufegurð. Stigið verði varlega til jarðar varðandi skógrækt innan bæjarfélagsins. Ávallt verði tekið mið af því að skógrækt raski sem minnst því landslagi sem fyrir er og ekki verði skógrækt á túnum eða öðru ræktuðu landi. Ekki verði ráðist í plöntun framandi tegunda, vegna hættu á að þær dreifi sér á náttúruverndarsvæði og friðlönd. Við alla ræktun verði tekið tillit til votlendis og hrauna og ekki verði plantað meðfram þjóðvegum.*“

Í stefnumörkun í aðalskipulagi um skógrækt í Ólafsvík, fyrir breytingu stendur: *Bæjaryfirvöld hafa þegar úthlutað Skógræktarfélagi Ólafsvíkur stækkun svæðis í dalnum til ræktunar. Þetta svæði hentar vel til skógræktar og vegna legu skyggir það ekki á útsýni í stærra samhengi. Gæta skal þess að planta ekki framandi tegundum sem hætta er á að dreifi sér í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Gert er ráð fyrir útvistarstígum um dalinn og gert er ráð fyrir að tveir meginstígar fari um skógræktarsvæðið.*

Eftir breytingu verður bætt við texta þar sem m.a. verði fjallað um eftirfarandi: Skógrækt í dalnum umhverfis Ólafsvík stuðlar að skjólgóðu útvistarvæði sunnan og austan byggðarinnar. Skógrækt sunnan húsa við Engihlíð, Ennisbraut og Ennishlíð gæti dregið úr „stóra sunnan“, en sunnan vindur er mjög hvass og oft til ama í Ólafsvík. Auk þess er skógrækt á völdum svæðum í takt við stefnu Snæfellsbæjar um þróun í átt að kolefnisjöfnun. Bæjaryfirvöld leggja í aðalskipulagi áherslu á að ekki verði plantað framandi tegundum sem gætu dreift sér inn í Þjóðgarðinn. Lögð verði áhersla á að næst húsum norðan SL-2 verði lágvaxinn gróður til að forðast skuggamyndun.

Breyting aðalskipulags: tekur eingöngu til þéttbýlisuppráttar Ólafsvíkur og greinargerðar. Gerður verður uppráttur sem mun sýna aðstæður fyrir og eftir breytingar og stutt greinargerð með tilvitnun í greinargerð með aðalskipulaginu þar sem gerð verður grein fyrir breytingum.

Umhverfi og aðstæður: Í gildandi aðalskipulagi Snæfellsbæjar er gert ráð fyrir skógrækt í dalnum umhverfis Ólafsvík. Stækkun/samtenging svæðis SL-1 er í takt við stefnumörkunina. Lögð er áhersla á að við ræktun verði þess gætt í hvívetna að ekki verði plantað í berjaland í Krókabrekum. Svæði SL-2 verður í brattri hlíð Ennis og breytir ásýnd á fjallið. Skógrækt í hlíðarfæti fjalla er í takt við

stefnumörkun aðalskipulagsins sjá mynd á bls. 61 í greinargerð aðalskipulagsins. Neðri mörk skógræktarsvæðisins verða almennt um 20 til 30 m frá suðurlóðarmörkum á aðlægum lóðum.

Við val tegunda verði leitast við að lágmarka hættu á að skógurinn dreifi sér í stærra samhengi. Neðst verði lágvaxinn gróður til að forðast skuggamyndun á hús og lóðir norðan reitsins. Einnig taki val tegunda mið af að á reitnum er snjóflóðahætta. Leitast verði við að velja tegundir sem geta dempað flóð og forðast ber tré sem gætu aukið tjón ef flóð fellur.

Vegna gerðar aðalskipulags Snæfellsbæjar var unnin aðalskráning fornminja í Ólafsvík. Frágangi gagna er ekki lokið, en gengið hefur verið frá kortagögnum. Ekki er vitað um fornminjar á reitnum sem breytingin tekur til. Komi minjar í ljós skal hafa í huga að allar minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. Þá skal framfylgja 21. og 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Samráð: Haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, RARIK, Samgöngustofu, Skipulagsstofnun, Skógræktarfélag Íslands, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Ólafsvíkur, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðina og nággranna SL-2.

Kynningarferli: Lýsing og matslýsing voru kynntar og samþykktar í umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar 6. maí og í kjölfarið samþykktar af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. maí. Þá verða lýsing og matslýsing sendar samráðsaðilum og kynntar fyrir almenningi á upplýsingavef Snæfellsbæjar og með auglýsingu í staðarblaði, auk þess sem sent verður dreifibréf á næstu nággranna svæðis SL-2.


Í kjölfar kynningar lýsingar og matslýsingar verði unnin tillaga að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 og verði tillagan kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með áberandi hætti. Eftir samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, verður leitað heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillögu í samræmi við 31. grein skipulagslaga. Þá tekur við 6 vikna auglýsingarferli og að því loknu mun bæjarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til fram kominna athugasemda. Eftir að bæjarstjórn hefur samþykkt tillögu skal hún send Skipulagsstofnun ásamt fram komnum athugasemdum og umsögnum um þær innan 12 vikna frá því að athugasemdafrestur rennur út, í samræmi við 32. grein skipulagslaga. Eftir það lætur Skipulagsstofnun auglýsa gildistöku í B deild Stjórnartíðinda innan fjögurra vikna. Breyting aðalskipulags tekur gildi þegar hún hefur verið samþykkt af bæjarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Matslýsing: Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfi verða metin og gerð grein fyrir þeim í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni. Í umhverfisskýrslunni verður fjallað um þá liði sem við á samkvæmt 6. grein laga um umhverfismat áætlana. Fjallað verður um að umhverfisáhrif breytast lítið vegna stækkunar SL-1. Einnig verður gerð grein fyrir umhverfisáhrifum af SL-2. Helstu áhrif eru að skógrækt á því svæði breytir ásýnd á Enni og dregur úr sunnan vindi. Gert er ráð fyrir að hluti skógræktar verði á gömlu túni sem ekki er lengur nýtt. Fjallað verður um val tegunda með það í huga að komast megri hjá að framandi tegundir dreifi sér í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Á svæðinu er hætta á snjóflóðum. Leitast verði við að velja tegundir sem geta dempað flóð og forðast ber tré sem gætu aukið tjón ef flóð fellur. Einnig verður umfjöllun um að á neðsta hluta svæðisins verði lágvaxinn gróður svo koma megri í veg fyrir skuggamyndun á nálæg hús.

Forsíðumynd, Ólafsvík: snb.is/frettir/ibuum-snaefellsbaejar-fjolgadi-arid-2018/

Aðalskipulag Ólafsvíkur 2015-2031, fyrir breytingu

SL-1 í dalnum sunnan og austan byggðarinnar er tvískipt.



Aðalskipulag Ólafsvíkur eftir fyrirhugaða breytingu

SL-1 í dalnum sunnan og austan byggðarinnar verður samtengt svæði.

SL-2 í Enni verður ræktað upp í áföngum.

